



SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

Association of Icelandic Insurance Companies

S/213

Alþingi
Erindi nr. P 122 / 359
komudagur 2.12.2002

Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík
Sími/Tel.: +354-568 1612
Bréfsími/Fax: +354-568 9664

Alþingi,
efnahags- og viðskiptanefnd,
nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

29. nóvember 2002

Efni: Lagafrumvarp um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 359. mál.

Með bréfi efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 21. þ.m., var óskað umsagnar Sambands íslenskra tryggingafélaga (SÍT) um ofangreint frumvarp. Í frumvarpinu felst í hnotskurn, að lagðar eru til breytingar á 5. gr. laga nr. 99/1999, þar sem fjallað er um gjaldskyldu eftirlitsskyldra aðila, álagningarstofna og álagt gjald til Fjármálaeftirlitsins. Af þessu tilefni óskar SÍT að hreyfa eftirfarandi atriðum:


1. Þegar sams konar mál var til umfjöllunar á Alþingi um svipað leyti í fyrra, beindi efnahags- og viðskiptanefnd þeim tilmælum til stjórnenda Fjármálaeftirlitsins, að framvegis skyldi stofnunin leitast við að meta rekstrarumfang stofnunarinnar til lengri tíma, t.d. þriggja ára, samhliða gerð rekstraráætlunar fyrir komandi ár. Af hálfu FME hefur verið komið á mótis við þessi sjónarmið nú, og ber að þakka það sérstaklega. Fram kemur í rekstraráætlun FME fyrir næsta ár, þ.e. 2003, að á því ári sé ekki gert ráð fyrir fjölgun starfa frá því sem nú er. Á hinn bóginn er gefið í skyn, að vænta megi fjölgunar stöðugilda á næstu þremur árum. Hér er stofnunin í sama fari og stundum áður, þ.e. uppi eru allstaðföst áform um aukin rekstrarumsvif með tilheyrandi fjölgun starfsfólks. Laun og ýmis starfsmannatengdur kostnaður vege langþyngst í starfsemi FME. Á þessu ári verður hann um 190 milljónir króna, eða um 73% af gjöldum stofnunarinnar. Rétt er að vekja sérstaka athygli á því, að veruleg fjölgun starfsfólks hefur verið hjá FME að undanfögnu. Þannig voru stöðugildin 27 á miðju ári 2001, og eru áætluð tæplega 34 á næsta ári, þ.e. hér er um ríflega fjórðungsfjölgun að ræða. Samband íslenskra tryggingafélaga ítrekar fyrri sjónarmið sín þess efnis, að tímabært er fyrir stjórnendur FME að setja fram beinar áætlanir um það, hvernig komast megi hjá þenslu í starfsemi stofnunarinnar í stað yfirvegaðra áforma um meiri umsvif og aukinn kostnað.
2. Í 2. gr. laga nr. 99/1999 er svo fyrir mælt, að FME skuli árlega leggja mat á þróun starfseminnar á undangengnum árum með hliðsjón af þeim tíma, sem ætla megi að hafi farið í eftirlitið með hverjum flokki eftirlitsskyldra aðila. Á álagning eftirlitsgjalds svo að taka mið af því. Í skýrslu FME til viðskiptaráðherra um áætlaðan rekstrarkostnað FME 2003 kemur fram, að FME hafi kannað, hvort

með hliðsjón af þessu, og sé ekki ástæða til nema óverulegra breytinga í því efni. Á hinn bóginn kemur fram í skýrslu FME, að álagt eftirlitsgjald sé ekki í samræmi við þann kostnað, sem hlýst af eftirliti með smærri eftirlitskyldum aðilum. Samkvæmt þessu eru stærri aðilar að greiða fyrir eftirlitið með þeim minni. Samt sem áður eru engar tillögur að finna í frumvarpinu um breytingar á þessu. Er það e.t.v. að vonum, þar sem FME í skýrslu sinni til viðskiptaráðherra gerir engar tillögur um slíkt. Að mati Sambands íslenskra tryggingafélaga er ástæða til að skoða þetta mál frekar. Er lagt til, að efnahags- og viðskiptanefnd leggi fyrir FME að gera frekari grein fyrir þessu atriði. Í kjölfar þess verði svo mótaðar sanngjarnar tillögur til breytinga á frumvarpinu að því er varðar lágmarksfjárhæð eftirlitsgjalds einstakra eftirlitsskyldra aðila.

3. Sem sérstakt fylgiskjal fylgir frumvarpinu álit samráðsnefndar eftirlitskyldra aðila. SÍT á fulltrúa í þeirri nefnd, og styður SÍT þau sjónarmið, er þar komu fram í öllum höfuðatriðum.

Samband íslenskra tryggingafélaga er reiðubúið að skýra sjónarmið sín til máls þessa frekar, verði þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,
SAMBAND ÍSLENSKR TRYGGINGAFÉLAGA



Sigmar Ármannsson